

Skýrsluskil í tengslum við skattframtal 2026

Samanburðarskýrsla virðisaukaskatts (RSK 10.25), leiðréttingarskýrsla virðisaukaskatts (RSK 10.26) og afstemmingarblaði vegna blandaðrar starfsemi (RSK 10.27) skal, **eftir atvikum**, skila í tengslum við ársuppgjör og eigi síðar en við skil á skattframtali 2026. Unnt er að skila framangreindum eyðublöðum með rafrænum framtalsskilum eða sækja þau á upplýsingavef Skattsins.

1. Samanburðarskýrsla - RSK 10.25

Gerð er krafa til allra þeirra sem stunduðu virðisaukaskattsskylda starfsemi á árinu 2025 að þeir beri virðisaukaskattsskýrslur sínar saman við ársreikning og bókhald. Ef talið er fram til tekjuskatts á forminu „Skattframtal rekstraraðila“ (RSK 1.04) er samanburðurinn innifalinn í því formi svo sem efni þess segir til um, þó að því tilskildu að viðkomandi aðili hafi aðeins eitt vsk-númer. Að öðrum kosti skal útfyllt „Samanburðarskýrsla virðisaukaskatts“ (RSK 10.25) fyrir hvert vsk-númer og henni skilað rafrænt með skattframtali 2026.

Bændur sem skila „Landbúnaðarskýrslu“ (RSK 4.08) þurfa ekki að skila samanburðarskýrslunni þar sem umræddur samanburður er innifalinn í því formi.

Einstaklingar sem skila „Rekstrarskýrslu“ (RSK 4.11) með skattframtali sínu verða jafnframt að fylla út og skila samanburðarskýrslunni (RSK 10.25).

2. Leiðréttingarskýrsla - RSK 10.26

Komi fram mismunur við framangreindan samanburð (RSK 10.25) er ákjósanlegast að koma leiðréttingu á framfæri með því að skila leiðréttingu fyrir hvert uppgjörstímabil rafrænt á [þjónustuvef Skattsins](#) áður en framtali er skilað. Verði rafrænum leiðréttingum ekki komið við skal leiðrétta framangreindan mismun með því að skila „Leiðréttingarskýrslu virðisaukaskatts“ (RSK 10.26) með skattframtali 2026. Þeir sem hafa skemmri uppgjörstímabil en tvo mánuði skulu þó skila leiðréttingu rafrænt áður en skattframtali er skilað. Það athugist að ef leiðrétting er gerð með rafrænum hætti skal ekki skila sömu upplýsingum á pappírformi skýrslunnar RSK 10.26.

Ef krafa finnst ekki í heimabanka eftir að skýrslu hefur verið skilað með rafrænum hætti er hægt að greiða virðisaukaskatt hjá innheimtumanni ríkissjóðs (ríkisskattstjóri, en sýslumenn utan höfuðborgarsvæðisins).

Greiðsluupplýsingar vegna innheimtumanns á höfuðborgarsvæðinu:

Reikningsnúmer: 0101-26-85002

Kennitala: 540269-6029

Upplýsingar um bankareikninga innheimtumanna utan höfuðborgarsvæðisins er að finna á [upplýsingavef Skattsins](#).

Sendu ber kvittun með skýringu á tölvupóstfangið 85002@skatturinn.is með upplýsingum um kennitölu skattaðila, vsk-nr., uppgjörstímabil og ár.

Í öðrum tilvikum skal skýrslunni skilað rafrænt til Skattsins í síðasta lagi með skattframtali 2026.

3. Afstemmingarblað - RSK 10.27

Þeim sem hafa með höndum blandaða starfsemi (starfsemi sem er að hluta til virðisaukaskattsskyld en að öðru leyti undanþegin virðisaukaskatti skv. 2. gr. laga um virðisaukaskatt) ber að skila afstemmingarblaði RSK 10.27. Niðurstöðutölu eyðublaðsins skal færa á virðisaukaskattsskýrslu tímabilsins nóv.-des. 2025 fyrir tveggja mánaða skil, júlí-des. 2025 fyrir sex mánaða skil eða jan.-des. 2025 fyrir ársskil. Afstemmingarblaði skal skila til Skattsins í síðasta lagi með skattframtali 2026. Niðurstöðutölu afstemmingarblaðs sem skilað er með skattframtali skal færa inn á „Leiðréttingarskýrslu virðisaukaskatts“ RSK 10.26.

**Nánari upplýsingar og gögn má fá
há Skattinum**